

fá viðurkenningu yðar fyrir, og getið þjer, herra landshöfðingi, að tilhlutun fjárhagsstjórnarinnar fengið vextina frá 11. marz 1876 til 11. septbr. og 11. marz gjalddaga borgaða úr jarðabókarsjóði Íslands, og munið þjer einnig geta fengið greiddar úr sama sjóði framantaldar 402 kr. í peningum; og hefir landfógetanum verið ritað um það hjeðan það sem þarf.

Samkvæmt brjefum kirkju- og kennslustjórnarinnar frá 21. febr.¹ og 23. ágúst 1866 til biskupsins yfir Íslandi skal öllum vöxtum af sjóðnum verið til að bæta upp þessi 4 prestaköll í Hóla biskupsdæmi, sem áður var: Grimsey, Þönglabakka, Knappstaði og Hvanneyri, þó þannig, að prestarnir í öðrum braudum, er hingað til hafa fengið styrk af vöxtum sjóðsins, haldi honum eptirleidis, meðan þeir eru kyrrir í þeim braudum, en að styrkurinn falli niður, þegar brauðin losna, og skulið þjer því þjónustusamlega beðnir að greiða þóknanlega á hverju ári biskupnum yfir Íslandi vexti sjóðsins, gegn kvittun hans, til útbýtingar meðal tjeðra brauða.

— *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu um sendingu á ógiltum peningum.* — Í þóknanlegu brjefi frá 22. f. m. hafið þjer, herra sýslumaður, spurt, hvort yður sje leyfilegt að nota þjónustupóstmerki til að koma gömlum peningum (spesíum og ríkisdöllum), sem einstakir menn vilja fá skipt fyrir krónupeninga, eins og að nokkru leyti átti sjer stað um aurapeninga.

Út af þessu skal yður til vitundar gefið, að eins og jeg verð að álíta það skyldu hvers gjaldheimtumanns, að stuðla sem mest að því, að hin lögboðna peningabreyting komist sem fyrst á um allt land, þannig sje jeg því ekkert til fyrirstöðu, að nota þjónustumerki undir sendingar þær, er þjer hafið um getið.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um rannsókn á veikindum á skepnum í Múlasýslum.* — Eptir að þjer, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi frá 24. f. m. höfðuð tjáð yður fúsan á að veita 200 kr. tillag til að launa dýralækni Snorra Jónssyni og nokkra þóknun fyrir ferðakostnað og lækningar hans í norður- og austurumdæminu, ef hann, eins og hann hafði stungið upp á, ferðast nú í haust austur í Múlasýslur og dvelur þar vetrarlangt, yfirvaldinu til aðstoðar við rannsókn á bráðafári og öðrum veikindum á skepnum, er fyrir kynni að koma, hef jeg fallizt á þessa uppástungu, og lagt fyrir dýralæknirinn að bera sig saman við yður um, hvern aðsetursstað hann eigi að kjósa sjer, og hvernig hann eigi að láta yfirvaldinu í tje aðstoð þá, er hjer ræðir um. Ber honum fyrir þetta starf auk launa þeirra, er honum eru lögð úr landssjóði um árin 1876—77 (600 kr. árlega), áminnst tillag úr jafnaðarsjóði norður- og austuramtsins, og verður hann þar að auki að koma sjer saman við yður, herra amtmaður, um ferðakostnaðarþóknun þá, er hann enu fremur getur átt von á fyrir aðstoð þá, er hann lætur yfirvaldinu í tje.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um undanþágur undan fjárrekstrarbanni.* — Í þóknanlegu brjefi frá í gær hafið

2) Brjef þetta er prentað í „Tíðindum um stjórnarmálefni Íslands“ II bls. 306—7, sbr. brjef 18. febr. 1865 í sama bindi bls. 144—5.

97
11. ágúst.

98
5. septbr.

99
6. septbr.

100
9. septbr.

100
9. septbr.

þjer, herra amtmaður, lagt það til, að landshöfðinginn gefi út almenna ákvörðun, er takmarki rekstrarbann og flutningsbann það á sauðfje inn á hið kláðagrunaða svæði og úr því, sem á var lagt með brjefi landshöfðingja frá 18. marz þ. á., samanbr. auglýsingu landshöfðingja frá 30. ágúst f. á., þannig, að leyft verði að reka í haust skurðarfje vestan norðan og austan yfir takmörk hins grunaða svæðis til sjávarsveitanna á þessu svæði.

Fyrir því skal hjer með samþykkt, að *fjárrekstrar til skurðar* eigi sjer stað í haust frá því um rjettir og til októbermánaðarloka út og suður yfir takmörk hins kláðagrunaða svæðis (Brúará, Hvítá og Ölvesá í Árnessýslu og Hvítá í Borgarfjarðarsýslu) með skilyrðum þeim, er nú skal greina:

1.

Ekki má reka kindur í minni hópum en 50 fjár, og skulu að minnsta kosti 3 áreiðanlegir menn reka hvern hóp. Eiga þeir að hafa meðferðis skirteini, þar sem eigendur kinda þeirra, er í rekstrinum eru, skuldbinda sig til að skera þær, undir eins og þær ern komnar á stað þann, er þær eru ætlaðar á, og skal hreppstjóri í sveit þeirri, sem fjeð er rekið úr, eða þá hlutaðeigandi sýslumaður rita á skirteinið vottorð um tölu kindanna og um nöfn og áreiðanlegleika rekstrarmannanna.

2.

Rekstrarmenn mega aldrei allir yfirgefa fjeð, og ber þeim á nóttunni að vaka yfir því, ef það ekki er látið inn. Skyldi samt kind tynast, ber rekstrarmönnum þegar í stað að gjöra ráðstöfun til að leitað verði að kindinni, og henni fargað þegar hún finnst.

3.

Ferjumenn við ár þær, sem eru á leiðinni úr binum heilbrigðu sveitum suður, mega, að viðlögðum sektum enga fjárrekstra flytja yfir árnar, nema því að eins, að skilyrðum þeim sem að framan eru nefnd, sje fullnøgt. Ber þeim að láta sýna sjer skirteini það, er á að fylgja rekstrinum og rita á það vottorð um tölu kinda þeirra, sem fluttar hafa verið yfir ána.

4.

Þegar fjeð er komið þangað sem það er ætlað, ber þegar að afhenda lögreglustjóra eða hreppstjóra á staðnum skirteinið; lætur hann undir eins telja fjeð og sjer um, að það verði allt skorið. Vanti nokkra kind af þeim, er í rekstrinum áttu að vera, ber hreppstjóra þegar í stað að rannsaka, hvernig á því standi og gefa lögreglustjóra um það skýrslu.

5.

Nú hittast innan takmarka hins grunaða svæðis fjárrekstrar úr heilbrigðum sveitum, sem eigi fylgir optnefat skirteini, of fáir rekstrarmenn eru með, eða sem annars eitthvað þykir að, og skal þá lögreglustjóri eða hreppstjóri sjá um, að slíkir rekstrar verði teknir í trygga gæzlu, þangað til að fjenu verði rádstafað, og ber þar að auki eptir ástæðum að lögsækja eigendur fjárins eða aðra hlutaðeigendur fyrir brot gegn rekstrarbanninu.

Þetta er hjer með tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

101
12. septbr.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán handa kirkju.*— Með þóknanlegu brjefi frá 22. júní þ. á. hafð þjer, herra landshöfðingi, sent hingað erindi, þar sem sóknarpresturinn að Kálfatjörn, sira Stefán Thorarensen, fer þess á leit, að veitt verði Kálfatjarnarkirkju 500 kr. lán úr læknasjóði til þess að endurbæta hana og prýða, og hafð þjer lagt það til, að yður verði fengin heimild til að veita hið umbeðna